

Umhverfisstofnun
Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. október 2024
Málsnúmer: 202410-0023
LA

Efni: Lagning á jarðstreng innan friðlýsts svæðis í Þjórsárdal

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfisstofnun, dags. 8. október 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna umsóknar RARIK um leyfi til að plægja háspennustreng meðfram vegum innan friðlýsts svæðis í Þjórsárdal.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og telur jákvætt að í framhaldi af lagningu jarðstrengs verði loftlínur fjarlægðar úr dalnum. Jarðstrengurinn mun fylgja núverandi vegum, Þjórsárdalsvegi og veginum að Hjalparfossi, en ekki kemur fram fjarlægð lagningar frá vegi. Innan svæðisins eru gervigígar sem hafa alþjóðlegt mikilvægi og njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013) um sérstaka vernd náttúruminja. Sumir gervigígar eru einungis í 10-15 m fjarlægð frá vegbrún og því er full þörf á að sýna varkárni í lagningu jarðstrengsins. Minni hætta er á að gervigígar verði fyrir raski við lagningu jarðstrengsins sunnan við Þjórsárdalsveg heldur en norðan við hann.

Náttúrufræðistofnun leggst ekki gegn því að leyfi verði veitt sé þess gætt að valda ekki raski á gervígum sem hafa hátt verndargildi og njóta sérstakrar verndar náttúruverndarlaga.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur